

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag frístundabyggðar við 5. og 6. braut (Vaðlækjarveg) úr landi Miðengis.*

Skipulagssvæðið nær yfir um 103 ha lands þar sem gert er ráð fyrir 59 lóðum á svæðinu. Þar af er 51 lóð þegar byggð og 8 óbyggðar. Stærðir lóðanna eru frá 400 m<sup>2</sup> til 25.754 m<sup>2</sup> og heimilt er að byggja allt að 500 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 40 m<sup>2</sup> aukahús á hverri lóð en nýtingarhlutfall má þó ekki vera meira en 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. nóvember 2010. Deiliskipulag lóðar nr. 200 við 5. braut sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. júlí 2002, breytt 8. mars 2006, fellur úr gildi samhliða gildistöku nýs deiliskipulags.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 6. desember 2010.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**